

Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 232/2022

Reykjavík 05. janúar 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um aðalnámskrá leikskóla, endurskoðun kafla 7-10.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon  
Framkvæmdastýra

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um Aðalnámskrá leikskóla, endurskoðun kafla 7-10

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á köflum 7-10 í aðalnámskrá leikskóla. Með aukinni áherslu á mikilvægi leiks barna er betur komið á móts við þarfir þeirra og er það í samræmi við 3. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að hafa ávallt að leiðarljósi það sem börnum er fyrir bestu. Með breytingunni kemur nú skýrar fram hversu stórt hlutverk leikurinn hefur, þegar kemur að þroska barna auk þess sem skýrar kemur fram hvernig starfsfólk leikskóla getur betur komið á móts við leik barna.

Barnaheill telja mikilvægt að koma á þeirri samþættingu námssviða og grunnþátta sem lögð er til með áherslu á leikinn, enda er leikurinn í senn helsta náms- og þroskaleið barna. Með leik gefst börnum tækifæri til að tjá líðan sína og upplifun á eigin forsendum og vinna úr þeirri fjölbreyttu reynslu sem þau öðlast með þátttöku í samfélaginu. Í leiknum endurspeglar börn gjarnan það sem þau verða vitni að og máta sig þannig í mismunandi aðstæður. Auk þess getur leikur barna gefið vísbendingar um færni þeirra í samskiptum og félagslegum tengslum.

Barnaheill vilja benda á mikilvægi þess að halda áfram að leita leiða til að efla mat barna á leikskólastarfi og lýsa því samtökin yfir ánægju með eflingu á mati barna á leikskólastarfinu í gegnum leik. Með því að gefa börnum tækifæri til að meta leikskólastarfið er séð til þess að þeirra skoðunum er komið á framfæri. Í 12. gr. Barnasáttmálans kemur fram að börn eiga rétt á því að tjá sig um öll málefni sem þau varða. Barnaheill vilja þó taka sérstaklega fram að einnig er mikilvægt að vinna á markvissan máta úr niðurstöðum mats barna á leikskólastarfi og taka tillit til niðurstaðna matsins.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.